

Heilsuleikskólinn Holtakot

Læsisstefna Heilsuleikskólans Holtakots



Febrúar 2017

Inngangur

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn fái að njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í

Aðalnámskrá leikskóla 2011 er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“.

Leikskólanum ber að skapa aðstæður fyrir börn svo þau fái tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti. Möguleika á skapandi starfi í leik og af eigin reynslu. Vinna með ólíkan efnivið, kynnast tungumálinu, hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Þróa læsi og öðlast skilning á rituðu máli, deila skoðunum og hugmyndum. Kynnast eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða og nota ólíkar leiðir og tækni til að nálgast upplýsingar.

Athafnir daglegs lífs og samskipti

Í samskiptum við börnin þarf að nota orð við athafnir um leið og við framkvæmum, t.d. núna smyrjum við brauðið, klæðum okkur í gallann. Börnin eru hvött til þess að ræða saman og fá aðstoð við það sem þau þurfa. Talmál er grunnur að læsi barna og kemur á undan öllu öðru í að tileinka sér læsi fyrir lestur og er því mikilvægt að vandað sé vel til verka þegar grunnurinn er lagður.



Samverustundir

Samverustundir eru yfirleitt tvisvar til þrisvar sinnum yfir daginn. Það fer eftir aldri hvernig þær eru notaðar og eru þær misfjölbreyttar. Samverustundirnar eru m.a. notaðar í að kenna börnum söngva og þulur, þeim eru sagðar sögur og einnig fá þau tækifæri til að segja sögur. Þessar samverustundir eru einn af hornsteinunum í starfi leikskólans og fer þar fram mjög mikið af lærdómsríkum samskiptum. Börnin læra t.d. að bíða þangað til kemur að þeim og að skiptast á. Þau þurfa að fara eftir fyrirmælum og læra smátt og smátt að lesa í samskipti og sýna hvert öðru þolinmæði.

Leikur

Í leikskólanum er aðaláherslan lögð á hinn frjálsa leik. Hann hvetur barnið til samskipta og skoðanaskipta sem spretta fram í eðlilegu flæði við leikinn. Leikurinn er lífstjáning barnsins og í gegnum hann virkja börn reynslu sína og áhuga.



Hringekja

Hringekja er notuð á móti frjálsa leiknum og þá er börnunum skipt í minni hóp og fá stýrðari verkefni í stuttan tíma í einu. Oftast rúllar þetta á u.þ.b. 15-20 mínútum. Í hringekju er tíminn notaður í ýmiskonar vinnu með börnunum þar sem þau fá meiri athygli í minni hópum og oft er hægt að vinna fjölbreytilegri verkefni á þennan hátt.

Skólahópur

Elstu börn leikskólans vinna allan síðasta veturinn sinn í svo kölluðum skólahóp. Þar er markviss vinna við að undirbúa börnin fyrir komandi grunnskólagöngu. Það er gert með því að leggja frekari áherslu á stafina, tölustafina, rím, sporun, ýmis stærðfræðihugtök og annað sem tengist grunninum að skólafærni. Skólahópurinn fer líka í vettvangsferðir og lærir þannig umhverfislæsi og að þekkja nánasta umhverfi sitt.



Hópastarf

Á öllum deildum er unnið í minni hópum og þá er t.d. lesið fyrir börnin, unnið með ákveðið þema eins og ég sjálfur, litina, tölustafina, húsdýrin og margt fleira.

Markviss málörvun

Markviss málörvun örvar og eykur málvitund barna, þetta er markviss skipulögð leikstund þar sem unnið er eftir bókinni *Markviss málörvun í leik og starfi* (þ.e.a.s.fyrstu fjórir kaflarnir) eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur.

Markviss málörvun felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik. Leikurinn er notaður til þess að ná athygli barnanna og vekja áhuga þeirra um leið og leikþörf þeirra er mætt. Hún byggist aðallega á leikjum með móðurmálið á ýmsa vegu t.d.hlustun og tjáningu, einnig læra börnin

þulur og runur, jafnframt hlusta þau á sögur í bundnu máli. Þetta eykur tilfinningu barnanna fyrir hrynjandanum í málinu og uppbyggingu þess og leggur þannig grunn að lestarkennslu síðar meir.

Leikur að læra

Í hreyfistundum í sal leikskólans er unnið með kennsluáferðina Leikur að læra. Áferðin byggir á því að kenna fræðilegt nám, svo sem stærðfræði og íslensku eða læsi í gegnum hreyfingu. Dæmi um að kenna læsi í gegnum hreyfingu eru til dæmis að setja upp þrautabraut sem börnin fara í gegnum með stafi með sér. Við enda brautarinnar er stafadúkur, þegar búið er að flokka stafina á rétta staði er farið yfir hvaða stafur er hvað og hvaða málhljóð tiltekinn stafur á. Önnur áferð til þess að kenna læsi í gegnum



hreyfingu er að fara í húsaleik og setja stafi inn í hringi sem liggja á gólfinu (húsin). Kveikt er á tónlist og þegar tónlistin er stöðvuð biður kennari börnin um að heimsækja ákveðinn staf. Þróun leiksins er á þann veg að þegar börn hafa náð tókum á málhljóðum stafana fá þau tækifæri til þess að æfa sig að raða stöfum saman við hluti. Þá er fyrsti stafur orðsins eða hlutarins paraður saman við hlutinn sjálfan. Hjólin halda áfram að rúlla með aukinni þekkingu barnanna og eru nemendur elstu deildarinnar farnir að raða hljóðum margra stafa saman og mynda orð.



Lesmál – bók vikunnar, orð vikunnar.

Markmið með þessu verkefni er að þróa markvissar sögu- og samræðustundir í leikskólanum. Þeim er ætlað að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu.

Áherslur miðað við aldur barna: Fyrir allan aldur er markvisst lesið fyrir börnin allan ársins hring, bækur sem hæfa aldri og þroska:

- Hópur 1-2 ára: Sama bókin er lesin í eina viku í senn og eitt orð tekið fyrir. Orðið er hengt upp á vegg og haft sýnilegt. Tákn með tali eru notað og tengt við orðið.
- Hópur 3-4 ára: Fyrir skólaárið eru átta bækur valdar og markvisst unnið með þær. Sama bókin er lesin í eina viku í senn og tekið eitt orð fyrir sem notað er í daglegum samskiptum við börnin. Orðið er hengt upp á vegg og haft sýnilegt. Börnin teikna síðan mynd í tengslum við orðið.
- Hópur 5-6 ára: Fyrir skólaárið eru átta bækur valdar og markvisst unnið með þær. Fjórar að hausti og fjórar að vori. Bækurnar eru lesnar tvisvar sinnum og fjögur orð eða hugtök frá hverri bók tekin fyrir, til dæmis orð eins og *þakskegginu*, *örmagna* og *framorðið*, þar sem börn og kennari spjalla saman um þýðingu þeirra. Að lokinni hverri bókar teikna börnin sína þýðingu og skilning á bókunum og orðum. Í lok skólaárs er gert hefti með myndum og skýringum frá börnunum um hverja bók fyrir sig.

Ritmál

Á öllum deildum er ritmál sýnilegt með því að merkja hluti með heiti þeirra, s.s. hilla, borð, hurð, gluggi o.s.frv. listaverk barnanna, fatahólf og ferilmöppur merkt með nöfnum barnanna. Á yngri deildum eru stólar barnanna merktir með mynd og nafni. Bókstafir eru sýnilegir upp á vegg og myndrænt dagskipulag.



Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír

Hluti af því að vera Heilsuskóli er að börnin hafi greiðan aðgang að pappír og ritföngum, einnig að börnin nái réttu pennagrip og geti beitt ritföngum og skærum á réttan hátt.

Spjallað saman

Mikilvægt er að nota hvert tækifæri til þess að ræða og spjalla við börnin. Aðstæður skapast oft við daglega rútínu t.d. við matarborðið, í fataklefa, á skiptiborðinu og þegar verið er að leika í rólegum leik t.d. þegar verið er að púsla, teikna, leira o.fl.

Skóli og heimasamvinna:

Góð samvinna er á milli skólans og foreldra. Á Hliði geta börnin tekið með sér bók að

heiman, sem er lesin í samveru. Þannig hafa börnin geta kynnt fyrir hvort öðru hvaða bækur þeim finnst skemmtilegastar. Þetta hefur aukið úrvalið af lesnum bókum hjá okkur. Í desember erum við með jólaálfa á elstu deildinni sem fara með börnunum heim. Foreldrar hjálpa börnunum að skrifa í sögubók sem fylgir



jólaálfinum og er það síðan lesið í samveru. Þetta hefur vakið mikla ánægju hjá börnum og fullorðnum. Enda voru foreldrar og börn dugleg að skrifa, teikna og taka myndir af því sem þau gerðu með álfinum.

Heimsókn á bókasafn

Elstu börn leikskólans hafa farið með strætó og heimsótt bókasafn Garðabæjar þar hafa þau verið í sögustundum og fengið að velja sér bók/bækur til að taka með aftur í leikskólann og lesa.



Virk hlustun

Virk hlustun er þegar hlustað er á það sem barnið segir og það endurtekið. Með því er verið að gefa til kynna að við höfum meðtekið það sem barnið sagði. Með þessu heyrir barnið að hlustað er á það og um leið heyrir það hvernig segja á orðin á réttan hátt. Lýsingarorðum og sögnum er bætt inn í setninguna sem eykur orðaforða og skilning barnsins.

Unnið með tungumálið í tölvu

Tölvur eru alltaf að verða meira áberandi í skólastarfi og er leikskólinn þar ekki undanskilinn. Leikskólinn á spjaldtölvur sem notaðar eru í vinnu með börnunum m.a. við kennslu í málnotkun. Starfsfólk hefur meðal annars nýtt sér smáforrit á borð við Leikum og lærum með hljóðin.



Tákn með tali


Á leikskólanum er tákn með tali notað til þess að efla orðaforða barnanna. Í hverri viku læra börnin ný tákn sem eru tákn vikunnar. Táknin eru lögð inn í samverustundum og farið er yfir þau í vinastund í salnum einu sinni í viku. Tákn vikunnar eru sýnileg í fataklefum leikskólans fyrir foreldra og á heimasíðu skólans.

Lubbi finnur málbein



Í skólanum er vikulega unnið með Lubba og máhljóðin. Þar læra börn að þekkja stafina og þau hljóð sem stöfunum fylgja. Þessi vinna teygir sig yfir í annað fjölbreytt og skemmtielgt starf í leikskólanum. Á yngri deildum er hlustað á og sungið með ljóðunum af geisladiskinum sem fylgir með bókinni og spjöldin með máhljóðunum eru skoðuð. Á eldri deildum er einnig hlustað á lögin og sungið með en auk þess er bókin lesin fyrir börnin, þau koma með hugmyndir um orð, sem bæði byrja á og eru í miðju orði frá máhljóði vikunnar. Börnin á elstu deildinni hafa tekið með sér hluti að heiman sem eru með máhljóð vikunnar, sem þau sýna hvort öðru og hluturinn er notaður til að klappa atkvæði. Máhljóð vikunnar er svo hengt upp í fataklefa ásamt orði vikunnar sem tengist máhljóði vikunnar.

Í skólanum er vikulega unnið með Lubba og máhljóðin. Þar læra börn að þekkja stafina og þau hljóð sem stöfunum fylgja. Þessi vinna teygir sig yfir í annað fjölbreytt og skemmtielgt starf í leikskólanum. Á yngri deildum er hlustað á og sungið með ljóðunum af geisladiskinum sem fylgir með bókinni og spjöldin með máhljóðunum eru skoðuð. Á eldri deildum er einnig hlustað á lögin og





Uppbyggingastefnan og vináttuverkefni

Í samveru höfum við talað um tilfinningar og hvað við þurfum til þess að líða vel. Spjöld frá vináttuverkefninu hafa verið tekin fyrir, og talað um hvað maður getur gert til þess að öllum líði vel og að enginn verði skilin útundan í leiknum.



Tvítýngd börn

Tvítýngd eða fjöltýngd börn eru þau börn sem búa á heimili þar sem töluð eru tvö eða fleiri tungumál. Foreldrar eru hvattir til að tala sitt móðurmál við börnin sín og starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að setja orð á allar daglega athafnir. Talmeinafræðingar hjá Garðabæ hafa útbúið orðabækur fyrir börnin með myndum, tákn með tali og ritmáli, bæði á íslensku og móðurmáli barnsins. Bækurnar eru notaðar bæði heima og í leikskólanum.



Snemmtæk íhlutun

Mikilvægt er að vera vakandi fyrir frávikum í málþroska barna og bregðast strax við til að styrkja framfarir. Starfsfólk leikskólans hefur greiðan aðgang að talmeinafræðingi sem kemur einu sinni í viku í leikskólann sem starfsfólk getur ráðfært sig við ef um er að ræða t.d. seinkun á málþroska. Þau börn sem eiga við vanda að etja af einhverjum toga í tengslum við málþroska er boðin orðabók líkt og tvítýngdu börnin fá sem gengur á milli heimilis og skóla.

Hljóm2

Hljóm 2 er málþroskaþróf sem lagt er fyrir öll 5 ára börn í leikskólanum. Niðurstöður prófsins hafa forspárgildi um gengi lestrarnáms. Prófið er lagt að hausti fyrir elstu börnin og ef vísbendingar um frávik koma fram er unnið með þá þætti.